

SAMÞYKKT**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Stokkseyrarhrepps, nr. 25/1989.**

1. gr.

1. og 2. mgr. 12. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi í skrifstofu Stokkseyrarhrepps annan fimmtudag hvers mánaðar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í júlímánuði.

2. gr.

4. töluliður C liðs í 56. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Félagsmálanefnd öryrkja og eldri borgara: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar samkvæmt lögum nr. 82/1989 um málefni aldraðra, og hefur umsjón með félags- og tómstundastarfi öryrkja og aldraðra.

3. gr.

9. töluliður C liðs í 56. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Húsnæðisnefnd: Nefndin er skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Þrír nefndarmenn skulu kosnir af hreppsnefnd og tveir tilnefndir af stærstu samtökum launafólks í hreppnum skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990.

4. gr.

Við C lið 56. gr. samþykktar bætist nýr töluliður, 19. töluliður, sem orðist svo:

Framfærslu- og félagsmálanefnd: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Verksvið nefndarinnar er að hafa umsjón með dagvistunarmálum barna, rekstri leikskóla og annarra leiksvæða svo og verkefni framfærslunefndar samkvæmt framfærslulögum nr. 80/1947.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Þórhildur Líndal.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um bátaábyrgðarfélög nr. 367/1976
með síðari breytingum.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Eigi er skylt að váttryggja skip, sem vegna ágalla hefur ekki haft haffærisskírteini í eitt ár. Þá er heldur ekki skylt að váttryggja skip, sem horfið er varanlega úr rekstri og hefur misst leyfi til að veiða í atvinnuskyni, sbr. lög um stjórn fiskveiða. Þegar svo stendur á, sem að framan greinir, skal bátaábyrgðarfélag segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal vedhöfum þá ákvörðun með 14 daga fyrirvara.